

# Fagráð í hrossarækt

## 114. fundur

Staður og stund: fjarfundur á teams, miðvikudagurinn 8. nóvember 2023. Kl. 15.30

Mættir: Nanna Jónsdóttir, formaður, Kristbjörg Eyvindsdóttir, Elsa Albertsdóttir, Ágúst Sigurðsson, Mette Mannseth, Sveinn Ragnarsson og Erlendur Árnason. Fjarverandi: Birna Tryggvadóttir Thorlacius

### Dagskrá:

- Fundarsetning
- SVÓT greining könnunar
- Ráðstefna Fagráðs
- Önnur mál

#### 1. Fundarsetning.

Formaður fagráðs setti fundinn og bauð fólk velkomið.

#### 2. SVÓT greining könnunar

Farið var yfir niðurstöður SVÓT greiningar sem fagráðið stóð fyrir, Nanna Jónsdóttir og Ágúst Sigurðsson sáu um verklega framkvæmd. Settir voru saman þrjú faghagþopar, þ.e. stjórn og varamenn hrossabændadeild BÍ ásamt fyrr um formönnum Félags hrossabænda, sýnendur sem sýnt hafa mest í gegnum tíðina og sýnt flest hross síðastliðin þrjú ár og að lokum þeir ræktendur sem oftast hafa verið tilnefndir sem ræktunarbú ársins. Niðurstöður SVÓT greiningarinnar verður kynnt á fagráðstefnunni. Nönnu falið að koma niðurstöðum SVÓT greiningarinnar til framkvæmdastjóra Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og óska eftir því að RML fari yfir niðurstöður greiningarinnar og sendi fagráði síðan upplýsingar um hvaða punktum þeir telji sig getað brugðist við strax og hvað þurfi að fara í annarskonar ferli.

Sýnt er að það er augljós velvilji hjá fólki og því er annt um kerfið og sér mikil tækifæri í þessu. Hægt er að nýta niðurstöðurnar hvernig mögulegt er að bæta kerfið. Í framhaldi af því var rætt um að koma á og bjóða upp á námskeiði bæði fyrir sýnendur og aðstandendur svo það náist betri skilningur hvernig kerfið virkar, og sér Sveinn um að huga að þessu.

Fagráð þakkar þátttakendum í greiningunni kærlega fyrir þátttökuna.

#### 3. Ráðstefna fagráðs

Stefnt var að halda ráðstefnuna 18. nóvember og verður henni einnig streymt. Formannafundur LH verður þennan dag og er því ákveðið að fresta ráðstefnunni fram til 3. desember og verður hún haldin í Fák.

Meginþema ráðstefnunnar auk yfirferð um hrossaræktarárið og hefðbundnar verðlaunaveitingar verða yfirferð þjónustukönnunnar RML og SVÓT greining þarf sem pallborðsumræður verða með opið samtal við ráðstefnugesti. Að lokum mun verða kynntur samfélagssáttmáli hrossaræktarinnar og hestamanna.

#### 4. Önnur mál

Þá var lítillega komið inn á málefni FEIF ráðstefnu sem haldin var í lok október, endanlegur listi á vali tilnefndra ræktunarbúa, tilnefningu kynbótaknapa ársins sem er nú í höndum hrossaræktardeildar Bændasamtakana. Einnig var rætt um að það eru afkvæmahestar sem eru erlent staðsettir en íslenskt fæddir sem hafa náð lágmarkum fyrir fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi og heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, en hafa ekki verið veitt viðurkenning. Samræmdar reglur eru innan FEIF landanna og er það á ábyrgð þess lands sem afkvæmahross eru staðsett í að veita viðurkenningu. Elsa hefur unnið ötulllega að koma því að gegn að svo verði í sambandi við ræktunarleiðtoga annarra landa. Það er mikið afrek sem ætti að heiðra og mikilvægt að leysa úr þessu sem fyrst.

Næsti fundur fagráðs í hrossarækt er áætlaður þann 20. desember n.k. kl. 15.30.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:45

Við pennann: Elsa Albertsdóttir